



Sveitarstjórnarfundur 26. maí 2024

Sunnudaginn 26. maí 2024 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 21. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi.

Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson, Halldór Logi Friðgeirsson, Ísabella Benediktsdóttir, Hildur Aradóttir og Arnín Óladóttir.

Oddviti setti fund kl. 21:00.

Hildur Aradóttir ritar fundargerð á tölvu.

Dagskrá 21. fundar:

1. Ársreikningur 2023 – Fyrri umræða
2. Fundargerð 20. sveitarstjórnarfundar 16.04.2024
3. Fundargerðir nefnda
4. Aðrir fundir
5. Stjórnsýsluskoðun Kaldrananeshrepps 2023
6. Breyting á Aðalskipulagi Kaldrananeshrepps 2010-2030
7. Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna efnistöku og efnisvinnslu
8. Beiðni um leyfi til fornleifarannsókna
9. Starfsemi Slökkviliðs Kaldrananeshrepps
10. Erindi til sveitarstjórnar
11. Styrktarbeiðni Samkomuhússins Baldur

Fundargerð:

1. Ársreikningur 2023 – Fyrri umræða

Ársreikningur Kaldrananeshrepps vegna ársins 2023 lagður fram.

Ársreikningurinn vísað til seinni umræðu.

Borið upp og samþykkt.

2. Fundargerð 21. sveitarstjórnarfundar 16.04.2024.

Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

3. Fundargerðir nefnda

Engar fundargerðir lágu fyrir.

4. Aðrar fundargerðir

- a. 147. fundur Heilbrigðisnefndar, 18.04.2024

Fundargerð lögð fram til kynningar.

b. Fundargerð 60. stjórnarfundar Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga, 30.04.2024.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

c. Samband íslenskra sveitarfélaga, 947. fundur stjórnar, 19.04.2024.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

d. Þinggerð 69. Fjórðungspings Vestfirðinga að vori 2024, 10.04.2024.

Þinggerð lögð fram til kynningar.

5. Stjórnsýsluskoðun Kaldrananeshrepps 2023

KPMG sendi sveitarfélaginu glærur vegna niðurstaða varðandi stjórnsýslu sveitarfélagsins og vinnu við endurskoðun ársreiknings fyrir árið 2023.

Glærur lagðar fram til kynningar og rædd viðbrögð við athugasemdum.

Oddviti falið að bregðast við athugasemdum.

Borið upp og samþykkt.

6. Breyting á Aðalskipulagi Kaldrananeshrepps 2010-2030

Fyrir liggur vinnslutillaga að aðalskipulagsbreytingu í Kaldrananeshreppi.

Meginforsenda þessa breytinga er ósk afkomenda fyrrum ábúenda á Skarði,

Bjarnarfirði um litlar frístundalóðir á bæjartúninu.

Breyting lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir og veitir jákvæða umsögn.

Borið upp og samþykkt.

7. Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna efnistöku og efnisvinnslu

Umsókn barst um framkvæmdaleyfi vegna efnistöku og efnisvinnslu í landi Bæjar 1.

Tilgangur fyrirhugaðra framkvæmda er að hafa malarslitlagsefni til viðhalds á

Drangsnesvegi.

Sveitarstjórn samþykkir að veita framkvæmdaleyfi.

Þjónustufulltrúa falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt.

8. Beiðni um leyfi til fornleifarannsóknna

Óskað er eftir leyfi til fornleifarannsóknna á Skarði í Bjarnarfirði. Um er að ræða

tilraunaverkefni þar sem tekin verða jarðvegssýni og prufuskurður í kringum meinta

dys sem á að vera á Stórholti á Skarði.

Sveitarstjórn veitir jákvæða umsögn og leyfi til fornleifarannsóknar á Skarði í

Bjarnarfirði.

Þjónustufulltrúa falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt.

9. Starfsemi Slökkviliðs Kaldrananeshrepps

Slökkviliðsstjóri Kaldrananeshrepps lýsir frá því að upp hefur komið sú umræða að slökkvilið hreppsins gerist aðili að Brunavörnum Dala, Reykhóla og Stranda bs.

Sveitarstjórn ákveður að hefja viðræður um aðgöngu Kaldrananeshrepps að Brunavörnum Dala, Reykhóla og Stranda bs.
Borið upp og samþykkt.

10. Erindi til sveitarstjórnar

Erindi barst til sveitarstjórnar Kaldrananeshrepps er varðar lausagöngu hunda á Drangsnesi.

Erindi lagt fram til kynningar.
Þjónustufulltrúa falið að bregðast við.
Borið upp og samþykkt.

11. Styrktarbeiðni Samkomuhússins Baldur

Samkomuhúsið Baldur óskar eftir styrk sveitarfélagsins sem nemur fasteignagjöldum síðasta árs.

Beiðni lögð fyrir.
Sveitarstjórn ákveður að verða við þeirri beiðni að upphæð 343.480kr.- sem er upphæð fasteignagjalda að frádregnu sorpgjaldi.
Þjónustufulltrúa falið að útbúa staðfestingarbréf.
Borið upp og samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.
Fundu slitið klukkan 23:00